

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 18. október 2018 kl. 9:30, en þetta var 65. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (13. september 2018) var samþykkt.

### 2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „hypertension“ (um 34 færslur). Einnig „malign“ og „benign“ (um 50 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur; nokkrar færslur þarf að athuga betur. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Færslur sem tengjast „endpoint“ voru ræddar á síðasta fundi en síðan afgreiddar og birtar milli funda.

c) Búið var að samþykkja að stefna að útgáfu fjórða heftisins um líffærafræði. JHJ hefur rætt málið við Hannes Petersen sem er samþykkur þeirri ákvörðun. Hannes mun taka þátt í þessari vinnu og miðað er við að heftið verði tilbúið haustið 2019.

d) Færslur í safninu sem enn eru án íslenskrar þýðingar eru um 200 talsins. Þessar færslur eru flestar þess eðlis að nefndin telur ekki aðkallandi að sinni að leggja vinnu í að þýða þær. Samþykkt var að fela þessar færslur í vefviðmóti orðabankans

### 3. Ársskýrsla

Ársskýrsla nefndarinnar til aðalfundar LÍ 2018 var kynnt og hefur hún verið afhent stjórn LÍ.

### 4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 22. nóvember 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlstrar.

Fundi var slitið um kl. 10:45.